



ORKUSTOFNUN  
Vatnsorkudeild

*arkiv*

SKILAGREIN

BLÖNDUVIRKJUN  
VEGAGERÐAREFNI Á HRAFNAJARGAHÁLSI

Skúli Víkingsson

OS82065/VOD34 B  
0582066

Júlí 1982



**ORKUSTOFNUN**  
GRENSÁSVEGI 9, 108 REYKJAVÍK

## SKILAGREIN

### BLÖNDUVIRKJUN VEGAGERÐAREFNI Á HRAFNAJARGAHÁLSI

Skúli Víkingsson

OS82065/VOD34 B

22 60

Júlí 1982

Hinn 6. júlí síðastliðinn fór Birgir Jónsson þess á leit við mig að ég athugaði efni sem nota mætti til vegagerðar á Hrafnabjargahálsi. Þarna á að bæta slóð sem fyrir er þannig að hún verði fær vörubílum að sumarlagi. Leiðin liggur frá Hrafnabjörgum í Svínadal, um Hrafnabjargaháls að slóðinni Kjalvegur - Vatnsdalur, norðan Friðmundarvatna. Þaðan er ekki ljóst hvernig vegurinn skuli tengjast Kjalvegi. Ég fór þessa leið daginn eftir og leitaði að efni nálægt slóðinni.

Á þessari leið er mest um jökulruðning. Hann er víðast mjög fínefnisríkur og hentar því ekki alls staðar sem ofaníburaðarefni. Mjög lítið er um árset (skolaðan sand og möl), en lítilsháttar er af fremur fínefnisryrum jökulruðningi í óreglulegum hólum - svokölluðum leysingarruðningi (ablation till). Þegar kemur upp fyrir heiðarbrún er landið að auki þakið moldarjarðvegi víðast um eins metra þykkum, svo að þar verður efni tæpast tekið.

Ferð þessi var farin með stuttum fyrirvara og hafði ég ekki aðgang að loftmyndum og engin nákvæm kort eru til af nyrðri hluta leiðarinnar. Ég taldi því besta ráðið að nota vegalengdarmæli bílsins til þess að staðsetja athugunarpunkta. Fjarlægðir miðast við vegamót fjallaslóðarinnar og heimreiðar að Hrafnabjörgum.

Á leiðinni frá Hrafnabjörgum og upp á heiði er hægt að nota annars vegar ársetshjalla ofan við ána (2,7-3,4 km sunnan Hrafnabjarga) og hins vegar leysingarruðning sem er í hólum austan slóðar. Þessi ruðningur þekur mestan hluta svæðisins frá því nokkru sunnan við afréttargirðingu (þ. e. 2 km sunnan Hrafnabjarga) og langleiðina upp á heiðarbrún (þ. e. um 6 km sunnan Hrafnabjarga). Ruðningurinn virðist verða fínefnisríkari þegar sunnar og ofar dregur.

2,7 km: Melblettir við brúnina niður að á. Möl og (gróf)sandur í melblettum á um 100-200 m kafla.

3,4 km: Þessir melblettir halda slitrótt áfram og mynda fremst (innst) smáhjalla með ánni, sem enda hér.

2,1 km: Grafið í smáhól nálægt bakkanum niður að á. Leysingarruðningur frekar grýttur. Steinar 10-20 cm í þvermál. Fínefniskleprar á steinum en frekar lítið um mélu.

3.9 km: Hér er komið upp á brún sneiðings. Hér halda áfram hólar úr leysingarruðningi upp með slóðinni aðallega að austanverðu.

4,1 km: Méluríkir blettir ("skallablettir") á jökulruðningsmel við slóðina. Líklega um 20 % fínefni.

5,4 km: Sams konar ruðningur.

6,2 km: Sprungið basalt í hól og ekkert laust.

Þegar komið er fram á heiðina, liggur slóðin um algróinn ás, sem sennilega er úr jökulruðningi en þakinn um eins metra þykkum móajarðvegi. Í þennan hluta vegarins virðist fýsilegasti ofanburðurinn vera jökulruðningur, sem slóðin liggur um á mótis við norðurenda Hrafnabjargatjarnar og í slakkanum þar norður af (Mynd 1). Þetta er frekar fínefnisríkt efni af leysingarruðningi að vera en á betra efni virðist ekki völ. Þarna myndar ruðningurinn líka smáhóla og hryggi, eins og títt er um leysingarruðning. Þetta veldur því að jarðvegsþekjan er slitrótt og í hólakollunum sést í ruðning svo að þarna þarf líklega ekki að ýta mjög miklu af mold ofan af.

1: Smámelur. Örlítið fínefnissnaðari jökulruðningur en annars og leysingarruðningssvipur á landformunum (hryggir og hólar).

2: Smáhryggur þvert á slóð. Melblettir milli þúfna. Annars er allt þakið móajarðvegi.

3: Ekið til vesturs eftir reiðgötunum niður á melblett. Hann er úr frekar mögrum (fínefnisrífum) jökulruðningi.

4: Næsti melkollur fyrir norðan myndar líka smástall og er úr sams konar jökulruðningi.


Óhreyfður móajarðvegurinn hefur sámilegan burð en eftir að komin eru hjólför í hann grefst hann mjög fljótt og slóð verður ófær. Heppilegast væri að leggja jökulruðninginn beint ofan á svörðinn, en þar sem þýfðast er að ýta þýfinu ofan af og leggja síðan hreint (moldarlaust) jökulruðningslag ofan á óhreyfðan sléttan móajarðveginn. Þar sem deiglent er, þarf e. t. v. að ræsa eitthvað og hafa ofanburðarlagið þykkara. Nauðsynlegt er að vinna þetta í þurru því að a. m. k. fínefnisríkari hluti jökulruðningsins þarf mjög litla vætu til að vaðast út. Eftir að vegurinn hefur þjappast, og ef vatn rennur greiðlega af honum, ætti vætutíð ekki að spilla honum verulega. Vegur af þessu tagi verður að sjálfsögðu ekki fær nema eftir að þorna fer um að sumri, enda ekki til annars ætlast. Ármalarefni, annars vegar í hjallabútum niðri í dal og hins vegar í litlum malarásum við Vestara-Friðmundarvatn er of fjarri til að hagkvæmt geti verið að flytja það inn á þennan hluta vegarins. Ódýrara ætti að vera að hafa jökulruðningslagið þykkara og ræsa deiglendi.

Framhald slóðarinnar til suðurs liggur á milli Friðmundarvatnanna og beygir síðan inn á Kjalveg. Um 600-700 m suðaustan við Vestara-Friðmundarvatn liggur slóðin þvert yfir lítinn malarás (Mynd 2). Grafín um 0,9m djúp hola austan slóðar. Efst er um 0,2 m

leysingarruðningur með steinum, þá sandur (aðallega grófsandur). Síðan möl og sandur neðst í holunni. Alls er flatarmál melanna, sem ásinn myndar um 3000 m<sup>2</sup> beggja megin slóðar. Þetta efni hentar vel sem ofaniburður ef vegurinn verður lagður á sama stað og slóðin inn á Kjalveg liggur nú, sérstaklega þó í deiglendi (t. d. við Vestara-Friðmundarvatn). Ef hins vegar verður farið yfir Fiskilæk er ekkert efni að hafa annað en jökulruðning. Sýni hafa verið tekin nokkuð víða austan Fiskilækjar og sýna að þar er jökulruðningur með um 20 % fínefni.

Reykjavík, 22. júlí 1982

Skúli Víkingsson




leysingarruðningur

HRAFNABJARGA-TJORN

Fm 208

HLB

1:20,000



VESTARA -  
FRIDMUNARVATN

slóð  
malarás

STAV  
KJALVEGUR

1:20000

